

4.

VERZLUNARFRELSI Í STAD HAFTA.

ATHAFNAFRELSIÐ ER MESTA LÍFSHAMINGJAN.

Ég hef á undanförnum árum ~~stundum~~ ^{þártum} að orði, að mig langaði ekki sérstaklega til að vera orðinn ungar. Ástaðan er einfaldlega sú, að mér hefur fundist löggjafinn vera búin að svipta æskuna þeirri lifsgleði, sem frjáls viðureign við hin margþættu viðfangsefni, gefur hverjum heilbrigðu, og framsæknum æskumanni.

Mér hefur virst það nokkuð undantekingalítil regla, að hæfustu mönnum sé sérstaklega falið að tryggja hin ~~marg-~~ háttuðu leyfi og það er í rauninni ekki óeðlilegt, þegar leyfin eru yfirleitt fjármunir út af ~~#~~yfir sig.

Frá minu sjónarmiði er verzlunar~~006~~g athafnafrelnsi frumeind og orkugjafi lífshamingju og jafngamt lang haldbezta ráðið til að auka ~~þ~~drætti í þjóðarbúið. Með því móti verður mest til skiptanna, og þar af leiðandi mest í hlut hvers einstakks þjóðfélagsþegns.

Ég hef aldrei farið leynt með, að ég hef takmarkaða trú á verðlagseftirliti. En að ég hef samþykkt að halda því, má í leiðinn skoða sem játningu á því, að verzlunarfrelnsi það sem við nú höfum fengið, sé aðeins byrjunar spor, enda þótt það sé stórt og gæfuríkt spor. Þegar við höfum náð endanlega markinu liggur verðlagseftirlitið ekki hjá nefndum, heldur lítur þá hver kaupmaður eftir hinum. Viðskiptamenn kaupa þar sem ódýrast ~~är~~ og af því leiðir að kaupmaðurinn verður að selja við sem beztum kjörum.

Það er þess vegna megin misskilningur, að verzlunarfrelnið sé sérstaklega fyrir kaupmenn, Mér er nær að halda, að það séu einmitt höftin, sem sumir þeirra hafa hagnast á. Það er þjóðin öll sem græðir á verzlunarfrelninu, því að samkeppnin skapar meiri vörugæði og lægra verðlag.

(Mbl. 1. júní 1960).